

**Ed.**

#### **46. Nefndarálit**

um frumv. til laga um rafveitur.

Frumvarpið er stjórnarfrumvarp.

Lög nr. 28, 1913, um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum voru samin í flýti á þinginu 1913; var það nauðsynjaverk; en ákveðið að þau skyldu ekki gilda lengur en til 1. jan. 1916 og ætlast til að stjórnin legði fyrir þetta þing frumvarp til nýrra laga um rafmagnsveitur, það hefir hún nú gert og haft nógan tíma fyrir sjer. En engu að síður er allur frágangur á frumvarpinu mjög ljelegur bæði að efni og orðfæri.

Er það t. d. um efnið að 4. gr. og 6. gr. í lögum nr. 28, 1913, eru ekki teknar upp í frumvarpið og engin rök færð fyrir því í athugasemdunum, hvers vegna þessum greinum er slept. Í orðalaginu er hörmuleg ósamkvæmni; er það til dæmis að orðin sveitartjélagstjórn og sveitarstjórn eru höfð á víxl, þótt sóm eigi að vera merkingin.

Vjer höfum leitast við að bæta orðfærið á frumvarpinu án þess þó að semja það upp að nýju, sem helst hefði þurft. Virðist oss óþarft að gera hjer grein fyrir öllum þeim orðabreytingum, munum minnast þeirra, er málið kemur til umræðu.

En vjer leggjum einnig til að gerðar sjeu ýmsar efnisbreytingar; vikjum vjer nú að þeim, en vísun að öðru leyti til athugasemda stjórnarinnar við frumvarpið.

Í 5. gr. a. eru ákvæðin miðuð við kauptún og sveitir, en ekki minst á kaupstaði og þess því ekki gætt, að til eru kaupstaðir hjer á landi sem ekki ná 1000 að ibúatölu (Seyðisfjörður).

Nú er augljóst að sveitarstjórnir munu ekki setja upp rafmagnsveitur annarstaðar en í kaupstöðum, kauptúnum eða þjettbýlum sjávarþorpum, og því jafnaugljóst að hjer á að koma inn orðið sveit (í frumvarpinu: sveitarfélagsumdæmi) í þeirri merkingu, sem 1. gr. tiltekur.

Í 6. gr. er sveitarstjórnnum heimilað að fá öðrum til umráða einkarjett sinn um 30 ára skeið í senn. Vjer teljum æskilegast að hver sveit eigi sjálf sina rafmagnsveitu og illa farið ef sveit selur öðrum rjettinn til mjög langs tíma. Leggjum því til að timalengdin sje færð niður í 15 ár.

Ef meta á rafmagnsveitu í hendur sveitarstjórn, er sjálfsagt að gera ráð

fyrir yfirmati (6. gr., 3. málsgr.), en vjer teljum óhentugt að landsyfirrjettur kveði 5 menn til yfirmatsins. Sveitin, sem hlut á að máli, getur verið á öðrum landsenda og yfirrjetturinn ókunnur mannvali þar. Hins vegar á vel við, að meðal yfirmatsmanna sje einn verkfróður utansveitarmaður og skuli yfirrjetturinn nefna hann til, en málsaðiljar hvor sinn mann.

Vjer leggjum til að niðurlag 1. málsgreinar 7. gr. sje felt burt og sömuleiðis síðasta málsgreinin. Vjer teljum þau ákvæði óþörf og sum varhugaverð og munum gera nánari grein fyrir því í umræðum.

Í lögum nr. 28, 1913 er gert ráð fyrir að sveitarstjórn kosti hústaugar (4. gr.) og henni heimilað að heimta gjald af húsráðendum fyrir þær taugar, hvort sem þær eru notaðar eða ekki (6. gr.).

Í frv. er ekkert að þessu vikið.

Að rjettu lagi á sveitarstjórn að vera frjálst að velja um, hvort hún vill kosta hústaugarnar eða láta húseigendur um þann kostnað. En taki sveitarstjórn að sjer að gera hústaugarnar, þá verður hún að hafa heimild til að heimta gjald af þeim, eins og fyrir er mælt í lögnum 1913. Vjer gerum því viðaukatillögur við 10. gr. þar að lútandi. En síðustu málsgr. þeirrar greinar teljum vjer óþarfa; vjer teljum rjett, ef sveitarstjórn selur af hendi einkarjett sinn, að henni sje þá frjálst að haga samningum sínum eftir því sem henni þykir hentast.

Vjer leggjum því til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hjer fara á eftir (þingskj. 48).

Efri deild Alþingis, 16. júlí 1915.

Karl Einarsson                      G. Björnson.  
formaður                      ritari og framsögumaður

Magnús Pjetursson.